

HÁLFVITINN

SKEMMTILEGASTA FRÉTTABRÉF SUÐURLANDS

MAÐURINN EINN ER EI NEMA HÁLFUR,
MEÐ ÖÐRUM ER HANN MEIRI EN HANN SJÁLFUR



SMÁAUGLÝSINGAR

Óskum eftir úttekt á brunavörnum í húsnæði Slökkviliðs Mýrdalshrepps.
-Slökkvilið Mýrdalshrepps

Vantar ferð fyrir covidsýni - Á öllum tímum, alla daga, allan ársins hríng.
-Helga á heilsugæslustöðinni

Óska eftir ökukennara fyrir Hjördísi.
-Ingi Már

Vegna fjölda áskorana hefur verið opnaður bílakirkjugaður hliðina á kirkjugarðinum í Vík. Umsóknir um legstæði sendist á Petru.
-Víkurprestakall

Ungmennafélagið Katla óskar eftir fleiri styrktaraðilum. Þemað er áfengi og önnur vímuefni.
-Stjórn Kötlu



AF HÚSNÆÐISMÁLUM MÝRDALSHREPPS

Heyrst hefur að Elli og Ingó hjá Trölliferðum hafi stofnað spilaklúbbinn Vík-Opoly. Þeir hittast reglulega og keppast um að kaupa allt húsnæði sem er til sölu á Víkursvæðinu.

Vegna þess hvað þeir félagar hafa verið ágengir í húsnæðis kaupum á svæðinu hafa íbúar svæðisins tekið upp á því að hafa húsaskipti þegar þeir þurfa að minnka/stækka við sig. Þeim sem liggur á að skipta um húsnæði hafa tekið upp á makaskiptum til að komast hjá því að lenda á reitunum þeirra Ella og Ingó og borga leigu.

Til þess að vera með í spilaklúbbnum:

1. Þarftu að eiga eign sem þú ert til í að selja
2. Vera tilbúinn að hætta í klúbbnum þegar þú hefur selt eignina

HJALLATÚN ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI

Hjúkrunarheimilið Hjallatún óskar eftir því að ráða starfsfólk á öllum aldri, öllum kynjum og af hvaða þjóðerni sem er til starfa í allar stöður á Hjallatúni. Frekari upplýsingar veitir Guðrún allan sólarhringinn.

Denna Dísel®



ÞÚ RENNUR Á
LYKTINA

COVID SKEKUR VÍK ENN OG AFTUR HEIMAMENN HVATTIR TIL AÐ NOTA HEIMAPRÓF

Vegna fjölgandi smita í samfélaginu eru íbúar Mýrdalshrepps hvattir til að gæta að sóttvörnum og taka heimapróf ef grunur leikur á um smit.

Hálfviti hefur gefið út leiðbeiningar við að taka heimapróf í samstarfi við HSu:

1. Taktu vísifingur hægri handar og settu hann upp í munn, eins langt aftur í kok og hægt er, og snúðu nokkra hringi.
2. Taktu vísifingur vinstri handar og stingdu honum upp í endaparm og snúðu nokkra hringi.
3. Því næst skaltu svissa fingrunum og endurtaka þrep 1. og 2.
4. Ef að þú finnur hvorki vonda lykt eða óbragð í munni ertu að öllum líkindum með covid.

RAFRÆNN ÍBÚAFUNDUR

RAFRÆNN ÍBÚAFUNDUR VERÐUR HALDINN Í
KOMMENTAKERFI VÍKÍ-PEDÍU Í NÆSTU VIKU

Málefni fundarins eru svo hljóðandi:

1. Nýtt deiluskipulag Mýrdalshrepps.
2. Hver á alla þessa hunda sem skíta á gangstéttina?
3. Er til mjólk í búðinni?
4. Sameining Póstsins, Vínbúðarinnar og Hestamannafélagsins Sindra.
Skólabókamarkaður í hléi
5. Oddviti tekur að sér að setja saman húsgögn í beinni
6. Uppboð á týndum köttum.
7. Önnur mál.



SMÁUGLÝSINGAR

Minni á að allar garðaskreytingar eru skipulagsskyldar í Mýrdalshreppi og þarf að fara fram grendarkynning á öllum breytingum utandyra, þ.m.t. tilfærsla á blómapottum, kaup á uppblásnum heitapottum og uppsetning jólaskrauts.

-George Frumuselu

Vegna skorts á heilögu stafsfólki í Víkurprestakalli verður að bíða með skírnir, fermingar og giftingar. Þá er einnig andlátsbann. Liggja mikið á má skipta um trúfélag.

-Víkurstakall

Hvet íbúa til að kjósa með sameiningu sveitarfélaganna.

-Einar Freyr, oddviti

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar á leikskólanum hefur sala á getnaðarvörnum verið stöðvuð í Mýrdalshrepp.

-Þorbjörg, sveitastjóri

Hef skipt um skoðun, hvet íbúa til að kjósa á móti sameiningu sveitarfélaganna.

-Einar Freyr, oddviti

I will look for you, I will find you,
and I will vaccinate you.

-Helga á heilsugæslustöðinni